

**Ed.**

### **33. Frumvarp til laga**

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Hermann Jónasson, Páll Hermannsson.

#### **1. gr.**

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Næstu 10 ár frá gildistöku laga þessara skal:

- a. þúfnasléttun í túni styrkt með 100% hækkun frá því, sem ákveðið er í 9. gr. laganna, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 10. gr. laganna;
- b. venjuleg nýrækt, þar með talin nauðsynleg framræsla, styrkt með 100% álagi frá því, sem ákveðið er í 9. gr. laganna, ásamt verðlagsuppbót (Sbr. 10. gr.), þar til býli það, er styrks nýtur, hefur 600 hesta (100 kg) heyskap á véltæku landi í meðalári;
- c. greiða 50 kr. á hektara ásamt verðlagsuppbót fyrir sléttun engjalanda á þeim býlum, sem hafa ekki 600 hesta heyskap á véltæku landi.

Hámarksákvæði 11. og 13. gr. laganna taka ekki til framkvæmda samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands um nánari fyrirmæli viðvíkjandi mælingu túnþýfis og úttekt þessara jarðabóta til styrkgreiðslu, og skal þar m. a. ákveða reglur um, við hvaða stærð 600 hesta heyskaparland á túni og engjum skuli miðast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp um breyting á jarðræktarlögum var flutt af þingmönnum Framsóknarflokksins í efri deild á haustþinginu 1943. Frumvarpinu fylgdi mjög ýtarleg greinargerð, sem síðar verður lítillega á minnzt. Frumvarp þetta komst aðeins til 2. umr. í efri deild og var þar vísað frá með rökstuddri dagskrá, þess efnis m. a., að útvegaðar verði nægilega margar stórvirkar jarðvinnsluvélar, til þess að reynsla fái stöðugt í notkun þeirra, áður en frumvarpið verði samþykkt.

Eftir þessa afgreiðslu tók millipinganefnd, er búnaðarþing hafði skipað til þess að gera athuganir og tillögur um landbúnaðarmálin, frumvarp þetta til athugunar. Nefndin skipti þá málinu í tvennt, frumvarp til laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, sem samþykkt var á síðasta þingi, og frumvarp um breyting á jarðræktarlögum nærri samhljóða því frv., sem hér liggur fyrir. Þessi tvö frumvörp eru efnislega að heita má alveg samhljóða áðurnefndu frumvarpi, sem flutt var 1943, að öðru leyti en því, að við er bætt heimild til samþykktar um húsagerð í sveitum.

Frumvarpið um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum var, eins og fyrr segir, samþykkt á síðasta þingi, en þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, náði ekki samþykki. Það var flutt í Nd. af þeim þingmönnum Bjarna Ásgeirssyni, Jóni Sigurðssyni og Péttri Ottesen, og fylgdi því þá greinargerð um athuganir millipinganefndar búnaðarþings á málinu.

Neðri deild gerbreytti frumvarpinu, svo sem þingmenn munu minnast. Það var Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., sem einkum beitti sér fyrir breytingunni. En þegar til efri deildar kom, vildi hún ekki afgreiða málið á þennan hátt, og varð að lokum enn að vísa því frá með rökstuddri dagskrá og að þessu sinni til nýbyggingarráðs.

Frá nýbyggingarráði hefur ekkert heyrzt um þetta mál. Þykir því bæði rétt og nauðsynlegt að bera þetta mál fram hér í hv. efri deild, til þess að enn gefist tækifæri til að taka afstöðu til málsins, eins og millipinganefnd búnaðarþings gekk frá því.

Við flutningsmenn sjáum ekki ástæðu til að endurtaka rökin fyrir nauðsyn þess, að mál þetta fái afgreiðslu og það sem allra fyrst. Það má þó enn minna á það, að bændur landsins hafa þegar almennt gert sér það ljóst, að vinna með orfi og hrifu er svo seinvirk vinnuáferð, að engir möguleikar eru að nota slík vinnubrögð til frambúðar. Eftirspurn þeirra eftir nýttizkuvélum sýnir og sannar, að engum er ljósara en þeim, að nauðsynlegt er að skipta um vinnuáferðir. Það er og augljóst mál, að ef þannig á að búa að landbúnaðinum og jarðræktarframkvæmdum, að umbætur í starfsáferðum við framleiðslu landbúnaðarvara verða á eftir tímanum. skapast óþolandi ósamræmi milli þeirra innbyrðis, sem stunda framleiðslu landbúnaðar-afurða, og jafnframt milli landbúnaðarins og annarra atvinnugreina. Hitt er augljóst mál, að fljótvirku átaki til gerbreytingar verður ekki á komið nema með verulegri hlutdeild ríkissjóðs, enda er það viðurkennt, að ræktun er ekki unnin aðeins fyrir kynslóðina, sem hana framkvæmir, heldur engu síður fyrir óbornar kynslóðir, og þess vegna réttlætisatriði, að þjóðin öll taki verulegan þátt í þessum ræktunarframkvæmdum. Slíka viðurkenningu hafa þær landbúnaðarþjóðir, sem

Það er ákveðin skoðun flutningsmanna, að ef þjóðin lætur nú undir höfuð leggjast að gera verulegar ráðstafanir til þess að notfæra sér auðlegð moldarinnar samhliða auðæfum hafsins, þá hljóti sú yfirsjón að koma henni alvarlega í koll síðar.